16 til sveitar, og rannsakað kringumstæður hennar; reyndist það þá að hún hafði ekkert kaup haft, að heilsa hennar var farin að bila, og að hún eigi var matvinnungur. Hinn veitti fátækrastyrkur er þannig lögmætur að öllu leyti.

Samkvæmt framanrituðu er því hjermeð úrskurðað, að Sigríðnr Guðmundsdóttir skal álítast sveitlæg í hinum forna Kleifahreppi, og ber þessum hreppi að endurgjalda Villingaholtshreppi framlög hans með henni fyrir 1901—1902 og 1902—1903, 39 kr. alls, og framvegis ef nauðsyn krefur þangað til hún yrði flutt á sveit sína.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna yður þetta yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í hinum forna Kleifahreppi, skal eg mælast til þess að þjer sjáið um að hún án tafar inni af hendi nefnda upphæð.

17
20. febr. **Brjef stjórnarráðsins** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um sveitarstyrk veittan þurfalingi.** Með brjefi dags. 17. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 10. sept. f. á., sem ákveður að Nauteyrarhreppur í Ísafjarðarsýslu skuli eigi vera skyldur að endurgjalda Múlahreppi styrk, að upphæð 12 kr., sem hreppsnefndin í hinum síðarnefnda hreppi veitti stúlkunni Friðmeyju Ámundadóttur haustið 1901.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til frekari birtingar, að með því að stjórnarráðið verður að öllu leyti að fallast á þær ástæður, sem þessi úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

Eptir að sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hafði í brjefi dags. 1. desbr. f. á. borið undir úrslit amtsins ágreining milli yðar og sín um kröfu hreppsnefndarinnar í Múlahreppi í nefndri sýslu á hendur hreppsnefndinni í Nauteyrarhreppi í yðar sýslu, til endurgjalds á framlagi með stúlkunni Friðmeyju Ámundadóttir haustið 1900, að upphæð 12 kr., og eptir að jeg hef leitað ýmsra ítarlegra skýrslna snertandi þetta mál, bæði hjá yður og sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, er svolátandi úrskurður lagður á það.

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir hendi eru, er Friðmey Ámundadóttir fædd í Hafnardal í Nauteyrarhreppi 1. nóvbr. 1867 og kom hún í Múlahrepp á árunum 1892 með mági sínum Guðna Hafliðasyni, nú í Skálmardal í nefndum hreppi, sem segist hafa tekið við henni, sem samkvæmt vottorði sóknarprests hennar er almennt talin ósjálfbjarga aumingi, eptir beiðni móður hennar og uppá hjálp eða meðgjöf frá henni; eptir að móðirin var farin til Vesturheims, sagði Guðni Friðmeyju Ámundadóttur til sveitar haustið 1900, og fekk hún þá fyrnefndan styrk að upphæð 12 kr., en síðar hefir hún engan styrk þegið í Múlahreppi. Friðmey hafði alizt upp á sveit frá barnsaldri þangað til hún var 15 ára, en eptir að hún var komin af ómagaaldri, var henni veittur fátækrastyrkur í Nauteyrarhreppi 1888—1889 og 1889—1890.

Þar sem það sjest af málsskjölunum að hreppsnefndin í Múlahreppi eigi tilkynnti styrkveitinguna fyr en í marz 1901, þá hefir hún þegar af þeirri ástæðu fyrirgjört rjetti

sínum til þess að fá framlag sitt endurgoldið hjá framfærsluhreppnum, en þar að auki verður amtið að álíta að styrkurinn sje eigi löglega veittur, því þótt Friðmey Ámundadóttir væri aumingi ósjálfbjarga, og þótt hún hefði áður fengið styrk af Nauteyrarhreppi, þá var það samt skylda hreppsnefndarinnar í Múlahreppi að rannsaka sem nákvæmlegast skort hennar og það atriði, hvernig veru hennar hjá Guðna Hafliðasyni væri varið, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 9. gr. fátækrareglugjörðar 8. jan 1834 og það þeim mun fremur, sem hún um næstundanfarin ár hafði engan fátækrastryrk þegið, enda virðist hún heldur eigi hafa verið styrkþurfi eptir styrkveitingum haustið 1900. Af því að styrkurinn er ólöglega veittur, getur hann heldur eigi haft þá verkun að sveitfestisdvöl Friðmeyjar Ámundadóttur í Múlahreppi hafi slitnað. **17**

Nauteyrarhreppur skal þannig vera laus við að endurgjalda Múlahreppi hinn umrædda styrk.

Brjef stjórnarráðsins *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um skilning á sóttvarnarlögum 6. nóv. 1902.** Í brjefi yðar, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi álit yðar um erindi frá Þorsteini kaupmanni Egilsson í Hafnarfirði um rjettan skilning á 7. gr. laga 6. nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Spyrjandinn er í efa um það, sem nokkrir halda fram, að sóttvarnarmönnum eða sóttgæzlumönnum sje leyfilegt að fara útí aðkomuskip, sem komi á höfn og ekki eigi að hafa uppi sóttvarnarveifu, en er þó helzt á því að skilja beri lagagreinina eptir orðum hennar, sem kveða svo á um, að skipstjóri einn manna skuli ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, en að enginn annar maður megi fara á land úr skipinu og enginn útí skipið úr landi eða frá öðrum skipum, fyren skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni. Takið þjer það fram, að þjer sjeuð samdóma spyrjandanum um, að sóttvarnarnefndarmenn eða sóttgæzlumenn megi ekki fremur en aðrir fara útí nje heldur útað slíkum skipum, enda sje hin umrædda lagagrein orðrjett tekin upp í reglugjörð handa sóttvarnarnefndum 14. maí 1903; aptur á móti sje mönnum þessum gjört að skyldu í 15. gr. reglugjörðarinnar að fara útað skipum, sem hafa sóttvarnarveifu uppi, en mega ekki fara upp í þau. **18** 26. febr.

Í niðurlagi erindis síns biður spyrjandinn leiðbeiningar um það, hvort skilningur sinn á eptirgreindum atriðum sje ekki rjettur: »En gefi skipverjar slíkra skipa (þ. e. aðkomuskipa er eigi eru skyld til að hafa uppi sóttvarnarveifu) á annan hátt ótvíræð merki þess, að þeir óski eða þurfi að hafa samgöngur við land sem verki það að einhver úr landi eða öðrum skipum fari út *að* þeim, til að fá vitneskju um hvað þeir vilja, þá virðist svo sem þeim sama mætti leyfast að koma í land aptur án frekari rannsóknar við landgöngu hans, svo framarlega sem hann ekkert flytji í land með sjer úr hinu útlenda skipi; en fari hann *uppí* það, þá megi hann ekki koma á land, án þess að hafa skipherrann með sjer, sem þegar gangi til sóttgæzlumanns, og sýni skjöl sín; en að hinum leyfist ekki að yfirgefa bát sinn og ganga í land, fyren eptirað skips-